

**Fundur skipulags- og samgönguráðs 2. mars 2022:**

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundargerðir skipulagsfulltrúa – US220061***

Lagt er til að í fundargerðum skipulagsfulltrúa komi skýrt fram afgreiðsla erinda með því að láta umsögn skipulagsstjóra fylgja fundargerð og/eða draga saman niðurstöðu umsagnar inn í fundargerð.

**Greinargerð:**

Í fundargerðum skipulagsfulltrúa er vísað til þess að umsögn skipulagsfulltrúa sé ýmist samþykkt eða hafnað, það gefur þeim sem skoða fundargerðir engar upplýsingar um hvort erindið er samþykkt eða hafnað. Til að auka gegnsæi og upplýsingaflæði væri hægt að láta umsögnina fylgja með og/eða gefa til kynna með orðalagi niðurstöðu umsagnar.

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

*Tillaga Sjálfstæðisflokks um fundargerðir skipulagsfulltrúa (US220061)*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 09.03.2022 var lögð fram eftirfarandi tillaga Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*„Lagt er til að í fundargerðum skipulagsfulltrúa komi skýrt fram afgreiðsla erinda með því að láta umsögn skipulagsstjóra fylgja fundargerð og/eða draga saman niðurstöðu umsagnar inn í fundargerð.“*

*Tillögunni fylgir greinargerð“*

Umsögn:

Unnið að því að innleiða nýtt skjala- og fundarumsjónarkerfi (Hlaðan) hjá borginni en eins og kunnugt er þá varð nokkur dráttur á innleiðingu kerfisins vegna þarfagreiningar, útboða og innkaupa. Það kerfi sem nú er í notkun hjá skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa (Erindreki) er komið vel til ára sinna og hefur alla tíð verið þeim annmörkum háð að vera með mjög takmarkaða möguleika á að hengja fylgiskjöl s.s. umsagnir og teikningar við fundargerðir nefnda og ráða sem og afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa. Innleiðing á Hlöðunni er nú hafin hjá umhverfis- og skipulagssviði þar sem öll fylgigögn með fundargerðum, önnur en trúnaðarmerkt, verða gerð mun aðgengilegri fyrir alla aðila sem er mikið fagnaðarefni og í anda þeirrar opnu stjórnsýslu sem sviðið vinnur eftir. Vonir standa til að nýtt kerfi komist í gagníð snemmsumars 2022.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi